

Nr. 099 / 11 Arnar HU 1***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2265
Smíðaður: Noregi 1986, stál
Stærð: 1063 brl. 1854 bt.
Mesta lengd: 59,97 m Skráð lengd: 54,04 m
Breidd: 13 m Dýpt: 8,12 m
Vél: Wärtsilä 2998 kW, 1996
Fjöldi skipverja:



Arnar©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. desember 2010 var Arnar HU 1 á togveiðum. Veður: NA 14-15 m/sek.

Skipverji var að vinna við að taka kassa af færibandinu í lest þegar einn þeirra festist inn á miðju bandinu. Þegar hann tók kassann af bandinu og ætlaði að snúa sér við fípaðist hann vegna hreyfingar á skipinu með þeim afleiðingum að hann steig niður í misfelli milli kassa á þilfarinu. Við þetta féll hann með kassann í fanginu og lenti neðarlega á bakinu.

Hann varð óvinnufær vegna verkja í baki og síðar kom í ljós að hryggjaliður hafði brotnað.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn stóð á svæði þar sem seinast er raðað í lestinni vegna misstórra kassa þ.e.a.s. heilfrystra hausa og annarra afurða. Vegna þessa voru misfellur á þessu svæði;
- að fiskikassinn (með hausum) var um 27-28 kg að þyngd;
- að þessi tegund fiskikassa átti það til að festast í beygjum á færibandinu en að mati slasaða átti það þó ekki mestan þátt í atvikinu heldur hreyfingar skipsins.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.